



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Beiðni um nauðungarvistun

skv. 19. gr., sbr. 20. og 21. gr. lögræðis laga nr. 71/1997

Beiðandi:		
Aðsetur:	Póststöð:	Sími:
Fullt nafn þess sem beiðst er að vistaður verði:		Kennitala:
Lögheimili:	Póststöð:	Sími:
Dvalarstaður (ef annar en að ofan):	Hvar á að vista viðkomandi (sjúkrahús og deild):	
Hefur viðkomandi verið nauðungarvistaður áður svo kunnugt sé? Nei: [] Já, hvenær:		
Hvenær hófst 72 klukkustunda vistun á sjúkrahúsi (dagsetning og tímasetning):		
Ástæður þess að beiðst er vistunar. Lýsing beiðanda á sjúkdómi viðkomandi, háttsemi hans, nauðsyn vistunar og önnur atriði sem óskað er eftir að fram komi. (Ef ekki er nægilegt rúm hér skal greinargerð um þessi atriði skilað á sérblaði):		
Útgefandi læknisvottorðs:		Dagsetning vottorðs:
Með vísan til ofangreindra upplýsinga er óskað hér með eftir að sýslumaður samþykki að ofangreindur maður verði vistaður gegn vilja sínum á sjúkrahúsi.		
..... Staður Dags Undirskrift

Bakvakt sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna nauðungarvistana er frá kl. 9 - 16 um helgar og á öðrum frídögum, sími 849-1744 er opinn á þeim tíma.



TIL ATHUGUNAR FYRIR BEIÐANDA VISTUNAR

Einstaklingur verður því aðeins vistaður skv. 19. gr. að hann vilji ekki vistast sjálfviljugur á sjúkrahúsi.

Með beiðni skal fylgja læknisvottorð, sem ekki má vera eldri en þriggja daga þegar það berst sýslumanni, nema sérstaklega standi á.

Ef vistun er samþykkt má halda manni gegn vilja sínum í allt að 21 sólarhring á sjúkrahúsi. Heimilt er með úrskurði dómara að framlengja nauðungarvistun manns í eitt skipti í allt að 12 vikur að liðnum 21 sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar sýslumanns skv. 3. mgr. 19. gr. Heimilt er að framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði.

Ef krafa er gerð fyrir dómi um sjálfræðissviptingu, er heimilt að framlengja nauðungarvistun þar til úrskurður dómara liggur fyrir. Héraðsdómarar fara með mál til sviptingar sjálfræðis. Um lok nauðungarvistunar fer samkvæmt 29. gr. (sjá hér að neðan).

Úrdráttur úr lögræðislögum nr. 71/1997

Úr 19. gr.

1. Sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðugur í sjúkrahúsi.
2. Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. ...
3. Með samþykki sýslumanns má vista sjálfráða mann gegn vilja sínum í sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring frá dagsetningu samþykkis sýslumanns ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og nauðungarvistun er óhjákvæmileg að mati læknis.
4. Áður en maður er fluttur nauðugur á sjúkrahús skv. 2. og 3. mgr. skal kalla til lækni sem fer á vettvang og metur aðstæður. Þá er lögreglu skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan á sjúkrahús og skal þá læknir fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til.

20. gr.

Beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 19. gr. og kröfu fyrir dómstóli skv. 29. gr. a getur félagsþjónusta sveitarfélaga, eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila, lagt fram þegar talið er réttmætt að gera þá kröfu vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna hans, læknis eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.

Úr 21. gr.

1. Beiðni um nauðungarvistun skv. 3. mgr. 19. gr. skal vera skrifleg og beint til sýslumanns. Beiðni skal að jafnaði rituð á eyðublað sem sýslumaður lætur í té.
3. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð sem eigi má vera eldra en þriggja daga þegar það berst sýslumanni, nema alveg sérstaklega standi á.
4. Kostnaður af læknisvottorði greiðist úr ríkissjóði.

29. gr.

1. Nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 72 klst., sbr. 2. mgr. 19. gr., nema samþykki sýslumanns komi til. Nauðungarvistun, sem samþykkt hefur verið af sýslumanni, má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 21 sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar sýslumanns, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.
2. Ákvörðun sýslumanns skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., er endanleg á stjórnarsýslustigi, en unnt er að bera ákvörðun sýslumanns undir dómstóla, sbr. 30. gr.
3. Nauðungarvistuðum manni og aðstandendum hans skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur í kjölfar nauðungarvistunar.